

## Helstu gagnrýnipunktur um greiðslujöfnunarleið og samræmda skuldaaðlögun, skv. kynningu félagsmálaráðherra



### 1. gr. *Markmið.*

Markmið laga þessara er að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Lögin kveða á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

### Gagnrýnipættir

Það er jákvætt að stjórnvöld viðurkenni þörf fyrir almennar aðgerðir. **Greiðslujöfnunarleið** er þó í besta falli bjarnargreiði við lántakendur, en kemur að öllum líkindum til að skila lánveitendum skjótari og meiri endurgreiðslum. Úrræðið tekur ekki á forsendubrest höfuðstólshækkana og fjallar ekki um gengistryggð lán. Þar skortir á umfjöllun. **Leiðin er engin lausn fyrir lántakendur.**

Heimild til **samræmdrar skuldaaðlögunar** fjármálafyrirtækja ber að fagna sem auknu svigrúmi fjármálafyrirtækja til að mæta breyttum forsendum viðskiptavina sinna. Þó er nærri vítavert að fela fjármálafyrirtækjum sjálfsvald til að skrifa verklagsreglur um feril og rétt til úrræða án aðkomu lántaka eða talsmanns neytenda. Óljóst er hvaða þýðingu loðin tilmæli frumvarpsins hafa í raun og verulega skortir á skilgreiningar, bæði tíma, virkni, takmarka, eigna og skulda.

1. Greiðslujöfnun tekur eingöngu á afborgunarþætti verðtryggðra veðlána, sem er færður í sama horf og hann var 1.jan.2008 og breytist mánaðarlega eftir það skv. greiðslujöfnunar-vísitölu, sem tekur mið af launavísitölu og atvinnustigi.  
Ekkert er tekið á stökkbreyttum höfuðstól lána. Ekkert er gert til að forða frekara fjárhagstjóni lántakenda. Varnarlína heimilanna hefur ekki verið dreginn og þeim er áfram ætla að bera fullan kostnað kerfishrunsins, langt umfram forsendur.
2. Leiðin veitir tímabundna lækun á afborgunum en á meðan hækkar höfuðstóll enn hraðar en áður og er áfram uppreiknaður skv. breytingum á vísitölu neysliverðs.  
Við það rýrnar eiginfjárlutur lántaka enn hraðar, sem takmarkar fjárfestingarhæf lántaka. Binding afborgana við vísitölu launa frýstir rýrðan kaupmátt út lánstímann. Úrræðið vegur þar með verulega að fjárhagslegu svigrúmi heimilanna og rýrir eiginfjárlut kerfisbundið.
3. Gefið er í skyn að lántakendur fái leiðréttingu í lok endurgreiðslutímans, sem getur lengst að hámarki um 3 ár miðað við upphaflega lengd.  
Eingöngu þar sem lánstími er enn um 10 ár eða styttri og hækkun launavísitölu er minni en vísitölu neysliverðs út afborgunartímann mun koma til takmarkaðrar niðurfellingar.  
Mjög ólíklegt er að lántakar sem tóku lán sín síðustu 5-10 ár muni fá nokkra niðurfellingu í lok lánstíma. Hér er gulrót leiðréttingar sett í lok lánstíma, sem letur fólk til endurgreiðslu.
4. Kerfisbundin eignatilfærsla og læsing ráðstöfunartekna við vísitölu launa hvetur líklega til neyðarúrræða lántakenda, ss. að hagræða eigna og skuldastöðu, að fela laun oþh. til að eiga kost á samræmdri skuldaaðlögun og auka ráðstöfunartekjur heimilanna.  
Ekkert verður séð hvernig þetta úrræði stenst markmið frumvarpsins. Miðað við neikvæðar afleiðingar fyrir lántakendur er undarlegt að ætla að flytja alla lánasamninga yfir í þetta form nema lántakar beinlínis frábiðji sér það. Hér er hagsmuna annarra en lántaka gætt.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Marínó G. Njálsson  
Friðrik Ó. Friðriksson